

**Sp.**

**1065. Skýrsla**

[171. mál]

viðskiptaráðherra um stöðu Útvegsbanka Íslands í ljósi upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti bankans og fyrirtækisins Hafskips hf., samkvæmt beiðni.

Við gerð þessarar skýrslu hefur verið aflað upplýsinga hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og bankaráði og bankastjórn Útvegsbankans. Jafnframt hefur verið valinn sá kostur við uppsetningu skýrslunnar að svara sérstaklega einstökum atriðum sem eru tilgreind í beiðni þingmannanna. Að öðru leyti má um málefni Útvegsbankans og Hafskips hf. vísa til skýrslu viðskiptaráðherra um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans á þskj. 692.

1. tölul.

Heildarskuldbindingar Hafskips hf. gagnvart Útvegsbankanum námu samtals 721,9 milljónum króna hinn 5. desember 1985, þ.e. daginn áður en fyrirtækið var tekið til gjaldprotaskipta. Samkvæmt athugun bankaeftirlitsins á stöðu mála hinn 8. janúar 1986 nam fjárhæðin 808,5 milljónum króna en þá eru taldar með skuldbindingar Íslenska skipafélagsins hf. gagnvart bankanum og viðskiptavíxlar.

2. tölul.

Heildarskuldbindingar Hafskips hf. miðað við 5. desember 1985 námu 8,4% af útlánnum, endurlánuðu erlendu lánsfé og ábyrgðum Útvegsbankans 30. nóvember 1985.

3. tölul.

Eigið fé bankans miðað við 12. nóvember 1985 liggur ekki fyrir. Eigið fé 31. desember 1985 nemur hins vegar 115 milljónum króna að mati bankaeftirlitsins. Nokkur óvissa ríkir nú um hvert sé endurmetið eigið fé Útvegsbankans, sbr. 4. lið skýrslunnar.

4. tölul.

Í skýrslu bankaeftirlitsins um athugun á stærstu lánþegum Útvegsbankans 30. júní 1985 kemur fram að komi til stöðvunar á rekstri Hafskips hf. og nauðungarsölu á eignum þess gæti tapáhætta Útvegsbankans verið á bilinu 380–450 milljónir króna.

Í nýrri skýrslu bankaeftirlitsins, dags. 21. apríl 1986, sem lýtur að viðskiptum Útvegsbankans og Hafskips hf., metur bankaeftirlitið að áætlað útlánatap muni vart nema lægri fjárhæð en 400 milljónum króna. Til viðbótar bætist áætlað útlánatap bankans vegna Íslenska skipafélagsins hf. sem gert er ráð fyrir að nemi u.þ.b. 12 milljónum króna. Í ljósi þessa gæti heildartapið numið 412 milljónum króna.

Á það ber hins vegar að leggja áherslu að enn ríkir óvissa um endanlegt tap Útvegsbankans vegna þessara viðskipta. Þess má þó vænta að ýmis vafaatriði málsins skýrist á tímabilinu milli loka kröfúlýsingarfrests og fyrsta skiptafundar í þrotabúi Hafskips hf., nánar tiltekið milli 15. maí og 20. júní n.k.

#### 5. tölul.

Ráðuneytið bendir á að hinn 20. desember 1985 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 119/1985, um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Hæstiréttur hefur tilnefnt menn í nefndina og er formaður hennar Jón Þorsteinsson hrl. Samkvæmt 2. gr. laganna er nefndinni m.a. ætlað að kanna greiðslutryggingar vegna útlána Útvegsbankans til fyrirtækisins. Að sögn formanns nefndarinnar er við það miðað að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1986. Ráðuneytið telur rétt, vegna spurningar um hvort stjórn Útvegsbankans hafi sniðgengið reglur og hefðir í bankaviðskiptum um greiðslutryggingar útlána, að beðið sé eftir niðurstöðum nefndarinnar, m.a. um greiðslutryggingar, svo og niðurstöðum skiptaráðanda.

#### 6. tölul.

Í svari sínu við spurningu um hvort „bankastjórn Útvegsbankans hafi fengið villandi upplýsingar frá Hafskipi hf. um rekstur, afkomu, hagnað og veðhæfi eigna“ segir bankastjórnin að þessi þáttur málsins sé í rannsókn hjá skiptaráðanda.

#### 7.–8. tölul.

Í bréfi bankaráðs Útvegsbankans frá 24. janúar 1986, undirrituðu af Valdimar Indriðasyni formanni bankaráðs, segir svo:

„Vísað er til bréfs yðar frá 13. janúar s.l. þar sem óskað er eftir svari við fyrirspurn frá Alþingi, þingskjali 194, vegna 7. og 8. liðar.

Bankaráð Útvegsbankans vill upplýsa eftirfarandi varðandi fyrrgreindar fyrirspurnir:

Bankaráði Útvegsbankans, sem kosið var fyrir árið 1986, var kunnugt um erfiðan rekstur Hafskips hf. snemma á árinu 1985 þar sem bankastjórar skýrðu frá stöðu mála á bankaráðsfundum án þess að það væri sérstaklega bókað.

Á fundi bankaráðs 1. mars 1985 voru lagðar fram ítarlegar upplýsingar og skýringar varðandi þetta mál. Ekki var talið á því stigi að grípa þyrfti til sérstakra aðgerða, en sýna þyrfti fyllstu aðgát í viðskiptum við fyrirtækið.

Um málefni Hafskips var rætt á bankaráðsfundi 13. júní s.l. þar sem var skýrt frá ársreikningum fyrirtækisins fyrir árið 1984 sem borist höfðu síðari hluta maí.

Um miðjan júlí barst fjögurra mánaða uppgjör 1. janúar til 30. apríl 1985 frá Hafskipi hf. Þar kom í ljós að staða fyrirtækisins hafði versnað verulega frá því sem áður hafði komið fram í áætlunum félagsins.

Bankastjórn og bankaráð var sammála um það að lengra yrði ekki haldið í rekstri félagsins í óbreyttu formi. Bankastjórn ræddi þessar niðurstöður við forráðamenn Hafskips. Niðurstaðan varð sú að Hafskipsmenn hófu viðræður við forráðamenn Eimskipafélags Íslands hf. um kaup eða yfirtöku á eignum Hafskips hf. Þessar viðræður stóðu fram í október en skiluðu ekki árangri.

Þá tóku bankastjórar Útvegsbankans upp viðræður við Eimskip um þessi mál, og komust þær vel á veg og gáfu fyrirheit um jákvæðan árangur. Á þessum tíma urðu miklar umræður um þessi mál í fjölmiðlum og á Alþingi.

Þessi umræða öll tafði mjög fyrir samkomulagi og samningsstaða versnaði með hverjum degi. Að lokum náðist samningur við Eimskipafélagið aðfaranótt 1. desember s.l. um kaup á eignum Hafskips hf.

Framhald þessa máls er þekkt og er óþarfi að fjölyrða þar frekar um.“

9. tölul.

Bankaleynd vegna þessara viðskipta hefur að verulegu leyti verið aflétt, sbr. þessa skýrslu og skýrslu á þskj. 692 um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans. Þá er gert ráð fyrir að skýrsla þeirrar nefndar, sem kannar viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf., verði lögð fyrir Alþingi, sbr. 4. gr. laga nr. 119/1985.

10. tölul.

Seðlabanka Íslands, þar á meðal bankaeftirlitinu, er óheimilt að víkja bankastjórn frá. Samkvæmt lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er það vald í höndum bankaráðs.

11. tölul.

Með setningu laga nr. 119/1985 hefur Alþingi mælt fyrir um könnun á máli þessu, m.a. hvað varðar lánaþingreiðslu Útvegsbankans við Hafskip hf. Spurningu þingmannanna um ábyrgð í þessu máli verður því ekki svarað fyrr en niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir. Jafnframt minnir ráðuneytið á að skiptaráðandi hefur nú málefni þrotabús fyrirtækisins til meðferðar.

12. tölul.

Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir skipulagsbreytingum innan bankakerfisins, m.a. með hliðsjón af stöðu þessa máls. Jafnframt skal minnt á að viðskiptaráðherra kynnti alþingismönnum í desembermánuði 1985 tillögur þriggja manna nefndar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka.

13. tölul.

Skuldbindingar Hafskips hf. gagnvart Útvegsbankanum námu 18,2 milljónum króna 15. janúar 1980 og 288,6 milljónum króna 2. júní 1983. Miðað við lánskjaravísitölu er hér um rúmlega þreföldun að ræða.